



**Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðisnefnd
b/t Þórunn María Bjarkardóttir
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 31. mars 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum (464. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagðar eru til nokkrar breytingar á lyfjalögum.

Viðskiptaráð fagnar umleitunum í átt að aukinni samkeppni og þjónustu á lyfjamarkaði. Samkeppni er afar mikilvæg á öllum mörkuðum enda er hún forsenda hagkvæmrar nýtingar fjármuna, nýsköpunar og bættra kjara til handa neytendum.

Það kemur því undirrituðum á óvart að eitt meginatriði laganna sé að knýja á um að verð skuli vera það sama um allt land og að banna eigi veitingu afslátta af lyfjum, en það bann er rökstutt þannig að:

1. Afslættir leiða oft til ávísunar og afgreiðslu stærri skammta eða dýrari lyfja en þörf er á.
2. Afslættir hafa í sumum tilfellum komið í veg fyrir samkeppni jafnt á heilðsölu- sem smásölustigi.
3. Afslættir virka sem inngönguhindrun fyrir nýja aðila og auka enn frekar á fákeppni á lyfjamarkaðinum og gera hann óskilvirkari.

Eins afdráttarlausu galla á fyrirkomulagi afslátta er erfitt að finna í ritum eða framkvæmd, þó víða væri leitað. Það kemur því óvart að þeir eru ekki rökstuddir á einn eða annan hátt, t.a.m. með vísan til gagna frá Landlæknisembættinu um ávísanir lyfja, frá Samkeppniseftirlitinu um samkeppni á lyfjamarkaði eða til dómafordæma, svo eitthvað sé nefnt. Það er mat Viðskiptaráðs að frumvarpið vaði villu vegar í þessum efnum.

Lyfjamarkaðurinn er afar reglubundinn markaður, að mörgu leyti umfram aðra markaði. Þannig er lyfjafyrirtækjum óheimilt að verðleggja vöru sína á grundvelli samkeppnis- eða rekstrarsjónarmiða, heldur er hámarksverð lyfja í heilðsölu og smásölu ákveðið af Lyfjagreiðslunefnd. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins *Sýn Samkeppniseftirlitsins á íslenskan lyfjamarkaðinn* frá nóvember 2007 er fjallað almennt um þessa sérstöðu lyfjamarkaðarins en þar segir m.a. „Aðkoma stjórnvalda að verðlagningu vara í samkeppnisumhverfi er alltaf

vandmeðfarin og **þannig ekki æskileg**. Þar sem hún er talin óhjákvæmileg er það hins vegar **frumskilyrði að henni sé hagað þannig að hún hvetji til samkeppni fremur en letji.**“ Það er svo niðurstaða eftirlitsins að þessar stífu reglur setji markaðsaðilum miklar samkeppnishömlur og þar segir enn fremur að “hvatar sem á almennum samkeppnismörkuðum skipta sköpum um virka samkeppni eru **nánast aftengdir á lyfjamarkaðnum.**“


Af þessu er ljóst að það er ekki fyrirkomulag afsláttu sem skipta sköpum um samkeppni á lyfjamarkaði, heldur eru nær allir hvatar til virkrar samkeppni aftengdir á markaðnum sem rekja má að miklu leyti til óþarfa ríkisafskipta hvað verðlagningu lyfjavara varðar. Afslættir eru því í raun eina breytan sem lyfjafyrirtæki hafa til að búa til samkeppni. Annað atriði sem dregur úr samkeppni á lyfjamarkaði eru aðgangshindranir sem leiða af flóknu og kostnaðarsömu leyfisveitingaferli, en um þetta segir m.a. í skýrslu Samkeppniseftirlitsins „Í öðru lagi er mikilvægt að huga vel að reglusetningu og stjórnýslu í tengslum við leyfisveitingar hins opinbera ... Reynslan sýnir að nýjir aðilar hafi átt erfitt með að komast inn á markaðinn vegna þessa ...“

Það er því mat Viðskiptaráðs að ofangreindur rökstuðningur frumvarpsins fyrir afnámi afsláttu sé órökstuddur og ómálefnanlegur. Í stað boðaðra aðgerða ætti að leggja niður Lyfjagreiðslunefnd og virkja alla hvata til virkrar samkeppni á lyfjamarkaðnum. Það er best gert með lágmörkun ríkisafskipta og afnámi viðskiptahindrana.

Viðskiptaráð dregur enn fremur í efa réttmæti þess fyrirkomulags að skylda lyfjafyrirtæki til að selja lyf á sama verði um allt land. Reglur af þessu tagi skerða með óhóflegum hætti athafnafrelsi fyrirtækja og eru beinlínis samkeppnishamlandi þar sem þau gera fyrirtækjum ókleift að keppa innbyrðis á tilteknum landfræðilegum mörkuðum og er neytendum á þeim mörkuðum þar með fyrirumnað að njóta þess ávinnings sem samkeppni leiðir af sér í forni lægra verðs. Ákvæði af þessu tagi brjóta enn fremur í bága við öll almenn lögmál um markaðsviðskipti og hefta alla hagræðingu í virðiskeðjunni.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs